

**Tillögur og greinargerðir vegna fundar ungmenna
með Borgarstjórn Reykjavíkur
8. febrúar 2022**

1) Regína Bergmann Guðmundsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Kjalarness

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Kjalarness um fjölgun stöðvunarskýla Strætó á Kjalarnesi og betri samrýmingu á strætóleiðum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að beina því til stjórnar Strætó bs. að kanna fyrir árslok 2022 möguleika á fjölgun strætóskýla á Kjalarnesi til að auðvelda samgöngur til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur auk þess sem nauðsynlegt er að samrýma ferðir leiðar 29 við aðrar leiðir Strætó bs.

Greinargerð

Eins og staðan er núna eiga börn og unglingar í Klébergsskóla erfitt með að taka strætó til Mosfellsbæjar og Reykjavíkur þar sem mörg þeirra stunda íþróttæfingar og annað frístundastarf. Þrátt fyrir að Kjósinn sjálf tilheyrir ekki Reykjavíkurborg þá tilheyrir sveitin í Hvalfirði samt sem áður borginni. Ef það er greiðara aðgengi að samgöngum til Reykjavíkur eykur það möguleika ungmenna töluvert á að iðka íþróttir og annað félagslíf. Kjalarnes og ungmenni þeirra tilheyra Reykjavík en fá í raun og veru ekki þau fríðindi sem önnur ungmenni í Reykjavík fá varðandi strætósamgöngur.

2) Embla María Möller Atladóttir, fulltrúi í ungmennaráði Grafarvogs

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Grafarvogs um að hætta gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkur fyrir börn 17 ára og yngri

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fella niður gjaldtöku í sundlaugum Reykjavíkurborgar fyrir börn 17 ára og yngri. Lagt er til að gert verði ráð fyrir þessari breytingu við gerð fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árið 2023 og gjaldtöku hætt eigi síðar en í maí 2023.

Greinargerð

Það er mikilvægt að börn og ungmenni finni að það séu staðir í þeirra hverfi þar sem þau eru velkomin og mega hreyfa sig, leika sér eða jafnvel bara slaka á. Við erum svo heppin að hafa átta sundlaugar í Reykjavík og er nú þegar frítt að fara í sund í þessum laugum fyrir börn á aldrinum 0-5 ára. Að stækka þann hóp barna sem fær frítt í sund fjölgar þeim stöðum þar sem börn geta komið saman í öruggu umhverfi og ræktað félagslega, andlega og líkamlega heilsu. Gjaldtakan í sundlaugunum getur verið hindrun fyrir ákveðna hópa af börnum og er sérstaklega mikilvægt að gefa þeim tækifæri á að njóta sín í hollu umhverfi sundlauganna.

3) Natalia Lind Hagalín, fulltrúi í ungmennaráði Breiðholts

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Breiðholts um kynjalaust skólaumhverfi í grunnskólum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði í samstarfi við umhverfis- og skipulagssvið það verkefni að afnema kynjaskiptingu í grunnskólum Reykjavíkurborgar þar sem því verður við komið.

Greinargerð

Meðvitund um málefni kynsegin einstaklinga í samfélaginu hefur farið vaxandi síðustu ár og meðfram henni hefur skapast umræða um þá útilokun sem kynjatvíhyggja hefur í för með sér. Þessi tvíhyggja birtist okkur á flestum stöðum í samfélagi okkar, líka í grunnskólum borgarinnar til að mynda með kynjaskiptum salernum, gjarnan í tímum á borð við íþróttir og jafnvel í hópaskiptingu í hefðbundinni faggreinakennslu. Þetta hefur í för með sér gífurlega neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem finna sig ekki innan þessarar tvíhyggju og getur haft í för með að þeir upplifi sig hvorki örugga né velkomna innan veggja skólans og úr því þarf að bæta.

4) Hrafnhildur Kjartansdóttir Hördal, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að bæta úrval fyrir grænkeru og grænmetisæta í skólamötuneytum borgarinnar

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði það verkefni að tryggja betri fjölbreytni í grænkeru- og grænmetisæði í mötuneytum grunnskóla. Miða skal við að þessi breyting taki gildi í byrjun skólaársins 2022-2023.

Greinargerð

Síðasta áratug hefur þeim nemendum sem viðhafa grænmetis- og grænkeramataræði fjölgað ört. Grunnskólar borgarinnar bjóða allir upp á fæði fyrir þann hóp en það verður oft mjög einsleitt og fá nemendur fljótt leiða á því að fá alltaf það sama. Við teljum það á ábyrgð skóla- og frístundaráðs að tryggja að þessir nemendur fái fæðu sem hentar matarvenjum þeirra án þess að það komi niður á fjölbreytni eða gæðum. Tyggja þarf að fjárveitingar til rekstrar mötuneyta séu nægjanlegar til að hægt sé að koma til móts við þessa tillögu.

5) Jökull Jónsson, fulltrúi í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að auka aðgengi nemenda að getnaðarvörnum og auka kynfræðslu í grunnskólum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að tryggja aðgang grunnskólanemenda að getnaðarvörnum og fjölbreyttri kynfræðslu. Miða skal við að tryggja aðgang að getnaðarvörnum eins fljótt og hægt er og að kynfræðsla verði aukin frá og með hausti 2022.

Greinargerð

Mikilvægi getnaðarvarna hefur sýnt sig í gegnum árin og hefur komið í veg fyrir bæði mikla útbreiðslu kynsjúkdóma og þungun unglinga. Með því að bæta aðgengi að getnaðarvörnum í grunnskólum, auka kynfræðslu og upplýsa um hvert hægt er að leita ef ungumenni lenda í vanda tengdum kynlífi er hægt að draga úr skömum unglinga hvað varðar kynlíf og ýta undir

að unglingar stundi heilbrigt og öruggt kynlíf. Við teljum það á ábyrgð skóla- og frístundaráðs að tryggja öryggi nemenda sinna alla grunnskólagöngu þeirra.

6) Fjóra Ösp Baldursdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Árbæjar og Holta

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði að bæta aðgengi fyrir unglinga að sálfræðipjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Miðað skal við að aðgengi hafi verið bætt eigi síðar en í janúar 2023.

Greinargerð

Andleg líðan unglinga fer versnandi á milli ára og er aðgengi að sálfræðipjónustu ekki nægilega gott. Erfitt getur verið að leita sér aðstoðar og langur biðlisti er eftir þjónustu skólasálfræðinga borgarinnar. Fyrir hönd unglinga í Reykjavík viljum við óska eftir að sálfræðingar verði starfandi í öllum grunnskólum borgarinnar.

7) Sigríður Erla Borgarsdóttir, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um hinseginfræðslu fyrir foreldra krakka í grunnskólum

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela mannréttindaskrifstofu í samstarfi við skóla- og frístundasvið að bjóða upp á hinseginfræðslu fyrir foreldra og forráðamenn í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Lagt er til að Reykjavíkurborg leiti samninga við Samtökin '78 um framkvæmd fræðslunnar frá og með haustönn 2022 og tryggi fjármögnun verkefnisins.

Greinargerð

Það er auðvitað mjög mikilvægt að krakkar fræðist um hinseginleikann en ekki síður mikilvægt að foreldrar og forráðamenn séu upplýstir um þessi mál. Það skiptir máli að forráðamenn geti svarað spurningum sem vakna hjá krökkum og að fræðandi og uppbyggileg samtöl um hinseginleikann eigi sér stað innan heimilisins. Í fræðslunni geta forráðamenn einnig lært hvernig er gott að taka á móti upplýsingum um kynhneigð og kynvitund barna sinna og eru þannig betur í stakk búin til að sýna þeim stuðninginn sem þau þurfa og eiga rétt á. Reykjavíkurborg er nú þegar í samstarfi við Samtökin '78 um hinseginfræðslu í öllum grunnskólum og væri hægt að nýta þetta til að ýta undir þá fræðslu og bæta við þann samning þannig að hann ætti líka við um foreldrafræðslu á vegum skólanna.

8) Númi Hrafn Baldursson, fulltrúi í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Laugardals, Háaleitis og Bústaða um breytt einkunnakerfi í íþróttakennslu

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að innleiða vinnueinkunn í íþróttum í stað núverandi einkunnarkerfis í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Lagt er til að breytingarnar taki gildi eigi síðar en á vorönn 2023.

Greinargerð

Með því að breyta einkunnagjöf í íþróttum yfir í vinnueinkunn er stuðlað að auknu jafnrétti í íþróttum fyrir mismunandi einstaklinga með ólíka getu. Þessar breytingar munu gagnast mörgum, til dæmis krökkum með astma, önnur veikindi eða fatlanir. Ávinningur af tillögunni væri að hjálpa krökkum að líða betur andlega og jafnvel líkamlega í íþróttum. Það er sannarlega tilefni til þess að gera breytingar á þessu.